

20. janúar 1983

83

Nr. 37

## REGLUGERÐ

### um búfjárhald í Reyðarfjarðarkauptúni.

#### 1. gr.

Búfjárhald er óheimilt í Reyðarfjarðarkauptúni án sérstaks leyfis sveitarstjórnar. Með búfjárhaldi er átt við nautgripa-, sauðfjár-, svína-, alifugla- og hrossahald.

#### 2. gr.

Sá sem hyggst sækja um leyfi samkvæmt 1. gr. skal senda skriflega umsókn til sveitarstjórnar. Í umsókninni skal gera grein fyrir fjölda búfjárins sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru sem máli kann að skipta.

#### 3. gr.

Telji sveitarstjórn að skilyrði séu fyrir hendi skal hún veita leyfið og veita það í ákveðinn tíma. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið að undangenginni aðvörun.

#### 4. gr.

Ef maður heldur búfé án heimildar samkvæmt reglugerð þessari skal lögreglustjóri hlutast til um að það sé tekið úr vörslu hans og er heimilt að selja það á uppboði eða slátra því að undangenginni aðvörun. Sama gildir ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifum.

#### 5. gr.

Sveitarstjórn getur ákveðið að greitt skuli gjald fyrir veitt leyfi til búfjárhalds. Má ákveða gjald fyrir hvern grip sem leyfi er veitt fyrir eða ákveða upphæð fyrir hvert leyfi.

#### 6. gr.

Eigandi búfjár skal samkvæmt reglugerð þessari, hafa búféð í öruggri vörslu og ber hann ábyrgð á öllu því tjóni sem það kann að valda.

#### 7. gr.

Sveitarstjórn skal hafa búfjárhelda girðingu umhverfis íbúðabyggð í Reyðarfjarðarkauptúni og skipuleggja landsvæði fyrir búfjárhald utan þeirra marka. Stefnt skal skipulega að því að allt búfjárhald flytjist út fyrir ofangreinda girðingu.

#### 8. gr.

Enginn má halda búfé nema hann hafi yfir það hús, sem samræmist kröfum heilbrigðisreglugerðar. Leyfishafi ber ábyrgð á því að hann hafi beutiland handa búfé sínu á sumrin og fóður á veturna, svo og allri meðferð búfjárins.

9. gr.

Halda skal skrá yfir leigð lönd. Leitast skal við að taka til greina tillögur þeirra búfjáreigendafélaga, sem starfandi eru, um leigu á löndum og miða að því að jafna aðstöðu búfjáreigenda.

10. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af sveitarstjórn Reyðarfjarðarhrepps staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964 um búfjárhald í kaupstöðum og kaupúnum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 20. janúar 1983.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.***Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*

## AUGLÝSING

**um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983.**

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins, og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystum hörpudiski fyrir framleiðslutímabilið frá 1. janúar til 28. febrúar 1983:

	U.S. \$ pr. lbs. cif.
Lausfrystur hörpudiskur .....	3,20
Blokkfrystur hörpudiskur .....	3,00
Rauður hörpudiskur .....	1,77

Verðbil verður 3%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Verðin miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það verður á hverjum tíma.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 24. janúar 1983.*

F. h. r.

**Jón L. Arnalds.***Kristín Magnússon.*